

**Ed.**

**357. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsíma-kerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

9. grein laga nr. 35, 20. okt. 1913, er úr gildi numin, en í hennar stað komi svo hljóðandi grein:

Þegar samningar þeir falla úr gildi, sem nú eru milli samstjórnarinnar og sveitarstjórna um greiðslu kostnaðarins við rekstur samstöðva, greiðir landssíminn af kostnaði þessum ekki minni hluta en hjer segir:

- a. Af kostnaðinum við rekstur samstöðva I. flokks B  $\frac{4}{5}$ .  
b. — — — — — II. —  $\frac{2}{3}$ .  
c. — — — — — III. —  $\frac{1}{2}$ .

Rekstur eftirlitsstöðva og skiftistöðva kostar landssíminn að öllu leyti, en einkastöðvar hlutaðeigandi stöðvarstjóri eða hreppur.

Sömu ákvæði gilda um stöðvar þær, sem stofnaðar kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi.